

## **I. Tillaga til 400. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 1. júní 2017**

Tillaga bæjarráðs til 400. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 1. júní 2017 um að samþykkja viðauka 7 við fjárhagsáætlun 2017.

Viðaukinn varðar mál 2016050078, samkomulag við Hestamannafélagið Hendingu um hlutafé upp á 15 milljónir króna, bætur upp á 20 milljónir króna og afhendingu jarðefnis fyrir 8,1 milljón króna. Bætur frá Vegagerðinni nema 20 milljónir króna og kostnaður vegna afsala og landmerkinga í tengslum við það eru áætlaðar 2 milljónir króna. Viðaukinn varðar einnig mál 2017010005, Urðavegsbrekku og bæjarbrekku, en endurnýjun götu og hellulögn er 2,1 milljón krónum meiri en áætlað var. Þessum viðaukum er mætt með lækkun á óráðstöfuðum kostnaði og óráðstöfuðum framkvæmdum. Nettó áhrif viðaukans á rekstur samstæðu Ísafjarðarbæjar eru kr. 0.